

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

401. fundur

Föstudaginn 13. desember 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundagerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Kjarsamningur við Samiðn.
2. Gjaldskrárstefna.
3. Seinkanir í leiðarkerfinu – næstu skref.
4. Þjónustuaukning í leiðarkerfinu.
5. Markaðskönnun vegna hleðsluinnviða.
6. Frítt net í vögnum.
7. Fargjaldaálag – næstu skref.
8. Biðstöðvarmál.
9. Starfskjaranefnd.

Tekið fyrir:

1. Kjarasamningu við Samiðn

Framkvæmdastjóri lagði fram kjarasamning Samiðnar við Samband Íslenskrar sveitarfélaga fyrir hönd Strætó bs sem undirritaður var 26. nóvember 2024.

Stjórn samþykkir framlagðan kjarasamning við Samiðn.

2. Gjaldskrárstefna

Í framhaldi af umræðu um gjaldskrá á síðasta stjórnarfundum 15. nóvember 2024, fór fram frekari umræða um stefnu í gjaldskrármálum.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar bókar eftirfarandi:

Það er full ástæða til að meta áhrif gjaldskrárhækkanna á notkun og leggja grunn að uppfærðri gjaldskrárstefnu sem er næmari gagnvart markmiðum fyrirtækisins um að auka notkun almenningssamgangna. Samkvæmt rannsókn á verðteygni eru þeir hópar næmastir gagnvart verðhækkunum sem hafa annan valkost, en það er einmitt sá hópur sem við þurfum að fá til að auka notkun sína til að fækka bílum á götunum, minnka tafir og draga úr mengun. Minnt er á að bílum er að fjölga um 70 bíla á viku á höfuðborgarsvæðinu og því stefnir að óbreyttu í óefni. Stök fargjöld og 12 mánaða kortin eru komin að sársaukamörkum og því varhugavert að hækka þessa flokka enn frekar á þessum tímapunkti. Sú gjaldskrárstefna sem er í gildi gengur út frá rekstrarkostnaði og vísitöluhækkunum en hefur enga snertingu við verðteygni, notkun eða samkeppnishæfni við aðra ferðamáta. Brýnt er að tengja verðteygni betur inn í gjaldskrárstefnuna. Umræðu verður framhaldið á næstu stjórnarfundum.

3. Seinkanir í leiðarkerfinu

Ragnheiður Einarsdóttir, deildarstjóri skipulags- og leiðarkerfismála kynnt tillögur að lagfæringu tímasetningar nokkurra leiða þar sem seinkanir eru orðnar umtalsverðar. Á stjórnarfund þann 15. nóvember var fjallað um seinkanir og að grípa þurfi til aðgerða. Strætó tekur tillögur að forgangsaðgerðum og sendir á sveitarfélög til skoðunar.

4. Þjónustuaukning

Ragnheiður Einarsdóttir, deildarstjóri skipulags- og leiðarkerfismála fór yfir fyrirhugaða þjónustuaukningu á árinu 2025. Sem tilgreind er í uppfærðum samgöngusáttmála. Umræður urðu um að skoða þurfi tíðni um kvöld og helgar frekar til að gera almenningssamgöngur að enn betri valkosti.

5. Markaðskönnun vegna hleðsluinnviða

Hrafn Leó Guðjónsson, ráðgjafi frá Enord kynnti niðurstöður markaðskönnunar vegna hleðsluinnviða (RFI). Í núverandi samningum við verktakar er gert ráð fyrir að byggðir verði upp hleðsluinnviðir vegna orkuskipta, gert er ráð fyrir að orkuskiptin hefjist á árinu 2025. Þrettán aðilar sendu inn upplýsingar um mögulegar tæknilausnir. Næstu skref eru að hefja undirbúning að útboði, stjórn heimilar framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

6. Frítt net í vögnum

Búnaður sem stýrir fríu neti í vögnum Strætó er orðinn gamall og úreldur. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að hætta með frítt net í vögnum og vinna að útfösun þess.

7. Fargjaldaálag – næstu skref

Framkvæmdastjóri kynnti ferli við innheimtu fargjaldaálag og að stefnt er að hefja innheimtu í byrjun næsta árs. Ýmsar breytingar eru fyrirhugaðar á næsta ári í tengslum við þjónustu Strætó og gert ráð fyrir að settir verði upp fleiri skannar inn í vögnum félagsins sem skapar þá möguleika að hægt sé að ganga inn um fleiri innganga og verið að skoða að breyta hlutverki vagnstjóra í eftirliti með greiðslum fargjalda. Álagi verður beitt á þá sem ekki greiða rétt fargjald og er miðað við að 15 ára og eldir greiði fargjaldaálag. Stjórn minnir á að 11 ára og yngri fá frítt í strætó.

8. Biðstöðvamál

Íbúar við Skúlagata hafa kvartað yfir hávaðamengun vegna endastöðvar þar. Gripið hefur verið til ýmissa leiða til að draga úr truflunum vegna vagna og er stöðugt verið að vinna að úrbótum og aðgerðum. Til stendur að gera mælingar á hávaða á næstu vikum.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Brýnt er að bregðast við kvörtunum vegna endastöðvar við Skúlagötu. Þær eru teknar alvarlega, bæði af stjórn og framkvæmdastjóra og brugðið hefur verið á ýmis ráð vegna þessa, meðal annars með miklu eftirliti. Það verður að slökkva á bilunum á meðan vagnstjórar taka sér hlé, það er skýr krafa af hálfu stjórnar.

9. Starfskjaranefnd

Formaður starfskjaranefndar fór yfir drög að starfskjarastefnu, starfsreglur starfskjaranefndar og aðrar niðurstöður nefndar. Einnig voru lagðar fram fundargerðir starfskjaranefndar fyrir fyrstu þrjá fundi nefndarinnar. Stjórnin samþykkti tillögur starfskjaranefndar.

Fundi slitið 11.00

Fylgiskjöl: Seinkanir, fargjaldaálag, þjónustuaukning

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson